

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 131/2005

frá 21. október 2005

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 116/2005 frá 30. september 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 273/2004 frá 11. febrúar 2004 um forefni ávana- og fíkniefna ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Með reglugerð (EB) nr. 273/2004 er felld úr gildi tilskipun ráðsins 92/109/EBE ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana brott.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XIII. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 15w (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/23/EB):
„15x. **32004 R 0273**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 273/2004 frá 11. febrúar 2004 um forefni ávana- og fíkniefna (Stjtið. ESB L 47, 18.2.2004, bls. 1).
Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:
 - a) Texti 2. mgr. 11. gr. gildir ekki.
 - b) Í 15. gr. er vísað til nefndar sem komið var á fót með 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3677/90. Í tengslum við umfjöllun þeirrar nefndar á málefnum sem þessi reglugerð tekur til skulu EFTA-ríkin taka fullan þátt í störfum hennar, en hafa þó ekki atkvæðarétt.“
2. Texti liðar 15f (tilskipun ráðsins 92/109/EBE) falli brott.

2. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 339, 22.12.2005, bls. 18 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 66, 22.12.2005, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 47, 18.2.2004, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EBL 370, 10.12.1992, bls. 76.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 273/2004, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 22. október 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt l. mgr. 103. gr. sammingsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 21. október 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.